



3. tbl.
Skólaárið 2016 / 2017

Fréttabréf GSnb



Nú, þegar aðventan er gengin í garð, breytist takturinn í skólanum og tekur mið af því að jólahátíðin nálgast. Stundatöflur nemenda munu halda sér nú í desember að frátöldum síðustu dögum, 19. og 20. desember. Nemendur í 5.-10. bekk norðan heiðar enda þann 19. desember í félagsvist og bingó og ljúka deginum kl 13:20. Miðvikudaginn 20. desember, eru haldin litlu jól á öllum starfstöðvum. Nemendur í 1.-4. bekk mæta á hefðbundnum tíma og ljúka sínum degi kl. 12:00, Skólabær er opinn eftir það. Nemendur í 5.-10. bekk mæta kl 9:00 og ljúka sínum degi kl. 11:40. Í Lýsuhólsskóla hefjast litlu jól og jólatónleikar tónlistarskólanemenda kl. 13.



Desembermánuður er ávallt viðburðaríkur, margt gert til að undirbúa jólin og búa til jólastemningu. Má þar helst nefna piparkökudaginn á öllum starfstöðvum, skóláhúsnæði skreytt, skrifuð jólakort, jólasamvera, blaðaútgáfa, Bókamessan, tónleikar hjá skólakórnum, Litlu- og stofujól. Dagskrána er hægt að nálgast á slóðinni: https://docs.google.com/document/d/16vpi_YZdb-Sli8DLflqPlzqKtFl_pBZI2Mb0In7i1qs/edit?usp=sharing

Útvarp GSnb fm 103,5

Sú nýbreytni er að í ár gerum við tilraun til með að vera með útvarp. Undirbúningur stendur nú sem hæst og verðum við í loftinu 13.-15. desember á tíðinni fm 103,5. Stefnt er að því að hægt verði að hlusta á útvarpið á netinu.



Til þessa að útvarpið verði að veruleika þarf margt að smella saman. Undirbúningur þarf að vera góður, upptökur og handritagerð þarf að vanda. Ávinningurinn fyrir nemendur er margvíslegur, hæfileikar sem öllu jafna eru ekki þjálfaðir fá notið sín sem s.s. munnleg framsögn, samning handrita og tæknimenn fá tækifæri til að læra á nýja tækni. Við munum læra af þessu framtaki og gera betur næst. Vil ég þakka nemendum og starfsfólki fyrir undirbúning og framkvæmd, fyrirtækjum og stofnunum fyrir stuðninginn.

Bókamessan

Sá góður siður hefur mótast hér að nemendur í tíunda bekk og kennarar þeirra standa fyrir bókamessu þar sem fimm höfundar eru kynntir og verk þeirra. Í þetta skiptið komu Þorgrímur Þránínsson, Stefán Máni, Einar Kárason, Ásdís Halla og Auður Ava. Messan var mjög vel sótt í ár og heppnaðist vel í alla staði. Kynningar nemenda voru skilmerkilegar, höfundarnir fönguðu athygli gesta og veitingar bragðgóðar. Ég vil þakka öllum sem komu að skipulagi og framkvæmd hátíðarinnar, nemendum, kennurum, starfsfólki og stjórnendum.

Fréttabréf Grunnskóla Snæfellsbæjar
Útgefandi: Grsk. Snæfellsbæjar
Ritsjóri og ábm.: Hilmar Már Arason



Viðbrögð við bruna æfð

Í lok nóvember voru æfð viðbrögð við bruna á öllum starfstöðvum. Slökkvilið Snæfellsbæjar var haft með í ráðum. Skólahúsnaði var rýmt samkvæmt öryggisáætlun skólans. Tókust rýmingarnar í alla staði vel, það tók um 4 mínútur að rýma skólabyggingarnar!



Bókagjafir

Við erum að safna bókum í bókasöfnin okkar, þiggjum allar bækur sem fólk má sjá af á öllum tungumálum. Við höfum fengið ágætis viðbrögð og fólk hefur verið að koma með bækur til okkar. Fyrir það viljum við þakka.



Þetta skólaár er boðið upp á pólskukennslu í vali í eldri deild skólans. Agnieszka Imgront sér um kennsluna. Við finnum tilfinnanlega fyrir því að það vantar pólskar bækur á bókasöfnin okkar. Þegar Agnieszka var síðast í Póllandi keypti hún nokkrar bækur og kannaði hjá vinum og ættingjum hvort þeir væru aflögufærir með bækur. Þessi söfnun vatt upp á sig og spurðist til starfsfólks grunnskólans (Szkola Podstawowa w Reczu) og dvalarheimilisins (Srodowiskowy dom pomoch w Reczu) í Reczu. Er skemmst frá því að segja að það safnaðist mikið af bókum sem við gerum ráð fyrir komi í hús fyrir jól. Nemendur Agnieszku, í valinu, sendu þakkarbréf til þeirra sem söfnuðu bókunum og þökkðu fyrir bækurnar.



Foreldraviðtöl - Lykilhæfni

Í foreldraviðtölunum í nóvember lögðum við áherslu á lykilhæfni til grundvallar í 3.-10. bekk. Við völdum sex þætti lykilhæfninnar, þá sem okkur fannst mikilvægt að einkenndu nemendur. Við lögðum þessa þætti til grundvallar í öllum bekkjum og greinum. Kennarar lögðu mat á þættina og niðurstöður voru ræddar í foreldraviðtölunum. Við vorum að gera þetta í fyrsta sinn, fengum athugasemdir sem við munum taka tillit til og gera betur næst. Enn er hægt að koma athugasemdum til skólastjóra.



Skóli á nýju ári

Skóli mun hefjast að nýju samkvæmt stundatöflu miðvikudaginn 4. janúar en starfsfólk mætir til undirbúnings og funda þriðjudaginn 3. janúar.



Að lokum

Tíminn sem nú fer í hönd er tími þar sem fjölskyldur og vinir koma saman, gera sér dagamun í mat og drykk, gefa gjafir og njóta samvista, hver með sínum hætti. Rétt er að hafa þá í huga sem minna mega sín eða eiga um sárt að binda, lítum til með þeim. Bros, heimsóknir og styrkir geta haft mikil áhrif til hins betra.

Sendi starfsfólki, nemendum og fjölskyldum þeirra minar bestu jólakveðjur, megið þið eiga gleðileg jól